

**Nd.**

**502. Frumvarp til laga**

[248. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli orðist svo:

Starfslíð þeirra stofnana, þar sem afplánun refsingar fer fram skiptist í almennt gæslu- og þjónustulíð og sérlært starfslíð.

Við hverja stofnun skulu starfa hæfilega margir fangaverðir til þess að gæsla sé örugg að mati ráðherra. Þar skal starfa sérlært starfslíð sem veitir þjónustu á sviði læknisfræði, sálfræði, félagsmála svo og skal þar vera kostur á þjónustu prests. Nánari ákvæði um slíka sérhæfða þjónustu skal setja í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð skilyrði til þess að vera ráðinn til starfa við fangagæslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytingar á 12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 er samið í dómsmálaráðuneytinu. Aðalefni þess er að lagt er til að tekið verði inn í lögin ákvæði um fangavarðarstarf en ekkert ákvæði er nú í lögum um það starf.

Á s. l. vori var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga varðandi menntun fangavarða. Samkvæmt henni hefur nefnd skilað tillögu um hvaða skilyrði væri rétt að setja um grunnmenntun fangavarða og hvernig námskeiðahaldi mætti haga til að mennta fangaverði til starfans.

Skýrslu nefndarinnar hefur verið dreift á Alþingi.

Til þess að skapa grundvöll fyrir setningu reglugerðar um menntun fangavarða svo og um önnur skilyrði sem rétt þætti að setja um ráðningu manna til fangavarðarstarfa hefur frumvarp þetta verið samið.

12. gr. laganna hefur verið endurskrifuð þannig að hún taki til alls starfslíðs fangelsa í stað þess starfslíðs eingöngu sem veitir sérhæfða þjónustu eins og nú er. Er gert ráð fyrir því að nánari ákvæði um fyrirkomulag sérhæfðrar þjónustu séu sett með reglugerð.